

**15. fundur Stjórnar Hornbrekku  
haldinn í Hornbrekku - hjúkrunar- og dvalarheimili Ólafsfirði  
29. maí 2019 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Nanna Árnadóttir, formaður I lista  
Þorsteinn Þorvaldsson, aðalmaður, D lista  
Helga Jónsdóttir, aðalmaður, H lista  
S. Guðrún Hauksdóttir, varaformaður, D lista  
Ólafur Haukur Kárasón, varamaður, I lista  
Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar  
Birna Sigurveig Björnsdóttir, hjúkrunarforstjóri og forstöðumaður Hornbrekku

**Fundargerð ritaði:** Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

**Fyrir var tekið:**

**1. Starfsemi Hornbrekku 2019 - 1902059**

*Hjúkrunarforstjóri fer yfir starfsemi Hornbrekku.*

**Niðurstaða**

*Námskeið - Símei. Stýrihópur um námskeiða- og fræðslustefnu Hornbrekku hefur útbúið könnun sem lögð var fyrir starfsmenn 28. maí sl. Stuðst verður við niðurstöðurnar við fræðsluáætlun næstu þriggja ára.  
Hjúkrunarforstjóri fór yfir launaniðurröðun einstakra starfshópa í Hornbrekku í tengslum við stofnanasamning Hornbrekku.  
Hjúkrunarforstjóri vakti athygli á að ekki hefur verið tekið gjald fyrir veitta útfararþjónustu í Hornbrekku. Stjórn Hornbrekku óskar eftir að hjúkrunarforstjóri og deildarstjóri leggi fram tillögu að gjaldskrá fyrir næsta fund stjórnar.*

**2. Uppfærð handbók SFV fyrir íbúa hjúkrunarheimila - 1905070**

**Niðurstaða**

*Lögð fram uppfærð útgáfa af handbók SFV fyrir íbúa hjúkrunarheimila, útbúin af fagráði hjúkrunarstjórnenda innan SFV.  
Hjúkrunarforstjóra falið að gera viðeigandi breytingar á handbók Hornbrekku.*

**3. Ársreikningur Fjallabyggð 2018 - 1904018**

**Niðurstaða**

*Lagður fram til kynningar ársreikningur Hornbrekku 2018.*

**4. Minnisblað um hjúkrunarrými til fjárlaganefndar - 1905068**

**Niðurstaða**

*Lagt fram til kynningar minnisblað SFV um viðbótarrými á hjúkrunarheimilum.*

**5. Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og gögn SFV til fjárlaganefndar - 1905069**

**Niðurstaða**

*Umsögn SFV um fjármálaáætlun ríkisins 2020-2024, lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.**